

**Nd.**

**516. Breytingartillaga**

**[152. mál]**

við frv. til laga um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 25 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga.